

97

Ákvæði til bráðabirgða.

11. júní

Á árinu 1938 fer fram endurskoðun laga þessara eftir fyrirmælum atvinnumálaráðherra, og skulu til endurskoðunarinnar kvaddir fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Skúli Guðmundsson.

98

L Ö G

11. júní

um rekstrarlánafélög.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Útvegsmönnum í einu og sömu verstöð eða byggðarlagi er rétt að stofna rekstrarlánafélög samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Hlutverk rekstrarlánafélaga er að annast útvegum rekstrarlána handa félagsmönnum sínum.

Félögin geta einnig haft með höndum sameiginleg innkaup á nauðsynjum félagsmanna til útgerðar og sölu á afurðum þeirra.

Rekstrarlánafélögin skulu haga starfsemi sinni þannig:

- a) að svo tímanlega sé samið um rekstrarlán handa félagsmönnum, að þeir geti óhindraðir hafið fiskveiðar í byrjun vertíðar.
- b) að félagsmenn geti jafnan orðið aðnjótandi beztu kjara á aðkeyptum nauðsynjum til rekstrar síns, með því að geta boðið staðgreiðslu.

3. gr.

Ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum rekstrarlánafélaga getur verið með tvennu móti:

- a) að félagsmenn ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar félagsins.
- b) að hver félagsmaður ábyrgist einungis sína eigin skuld, að viðbættri tiltekinni upphæð, sem nánar sé ákveðin í lögum hvers félags.

Félagsmenn í sama félagi mega vera færir 10, en flestir 30. Þó má víkja frá þessu ákvæði, ef hentugt þykir og sérstaklega stendur á.

98
11. júní

4. gr.

Stjórn rekstrarlánafélags eða umboðsmaður hennar semur við lánsstofnanir um rekstrarlán handa félagsmönnum, eftir því sem félagsstjórninni og hverjum einstökum félagsmanni hefir komið saman um og með tilliti til eðlilegrar rekstrarlánaþarfar félagsmanns og þeirra trygginga, er hann getur sett.

5. gr.

Fyrirkomulag lána þeirra, er rekstrarlánafélög útvega félagsmönnum, getur verið með tvennu móti:

- a) að hver einstaklingur sé lántakandi hjá hlutaðeigandi lánsstofnun að því láni, er hann fær.
- b) að félagið sjálft sé skuldunautur gagnvart lánsstofnuninni og að það úthluti lánsféna meðal félagsmanna.

Leggja skal árlega í félagssjóð hundradshluta af viðskiptaveltunni, og skal gjald þetta ákveðið í samþykktum hvers félags.

Sjóðeign útborgist ekki til félagsmanna nema við félagsslit.

6. gr.

Rekstrarlánafélög eiga rétt á innflutnings- og gjaldeyrisleyfum fyrir nauðsynjar til útgerðar félagsmanna sinna, sbr. 2. gr., í samræmi við innflutningsreglur á hverjum tíma.

7. gr.

Lánsstofnunum, er veita lán samkvæmt lögum þessum, er heimilt að setja sérstök skilyrði fyrir lánunum, í því skyni að tryggja skilvísu greiðslu þeirra, svo sem: að allar sjávarafurðir lántakanda skuli seldar gegnum sölusamlag, að í hvert skipti, er lántakandi selur afurðir — eins þó að þær séu ekki veðsettar fyrir láninu —, skuli jafnan haldið eftir nokkurri upphæð af andvirðinu, svo sem nánar kann að vera um samið, til greiðslu upp í lánið.

Þetta atriði gildir, þótt lánið sé ekki komið í gjalddaga.

að lánsstofnunin eða trúnaðarmanni hennar sé jafnan heimilt að hafa eftirlit með því, að þannig umsömdum ákvæðum sé framfylgt.

8. gr.

Rekstrarlánafélög greiða skatta til ríkis og bæjar- og sveitarsjóða eftir sömu reglum og samvinnufélög.

9. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum veitast gegn þeim tryggingum, er lánsstofnunin metur gildir. Þau skulu endurgreidd að fullu innan eins árs frá lántökudegi, eða fyrr, eftir því sem um semur.

Það teljast ekki vanskil, þótt hluti af rekstrarláni sé ógreiddur, ef lántakandi sannar, að hann eigi nægilegar óseldar afurðir til fullnaðargreiðslu lánsins.

Vextir — þar með talin framlengingargjöld eða provision — mega ekki vera hærri en venjulegir bankavextir af fiskveðsvíxlum á sama tíma.

10. gr.

Komi til þess, að Landsbanki Íslands eða Útvegsbanki Íslands, annar eða báðir, sjái sér ekki fært, vegna vöntunar reiðufjár, að sinna lánbeiðnum rekstrarlánafélaga, skal ríkisstjórnin veita aðstoð sína til þess að bankarnir, annar eða báðir,

98 verði sér úti um lánsfé, til þess að fullnægja rekstrarlánaþörfinni, eftir því sem trygg-
11. júní ingar standa til.

11. gr.

Lög og starfsreglugerðir rekstrarlánafélaga skulu sniðin eftir fyrirmyndum, sem atvinnuáráðuneytið semur í samvinnu við Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands, Fiskifélag Íslands og Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda.

Skulu fyrirmyndir þessar samdar þegar er lög þessi hafa verið staðfest og vera til útbýtingar hjá sýslumönnum landsins og Fiskifélagi Íslands og fulltrúum þess.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Skúli Guðmundsson.

99

11. júní

L Ö G

um Fiskveiðasjóð Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt 10. gr. laga, dagsettra í dag, um breyting á lögum nr. 46 19. maí 1930, um fiskveiðasjóð Íslands, höfum látið fella meginmál þeirra inn í lög nr. 46 19. maí 1930 og gefum þau síðan út, svo breytt, sem lög um Fiskveiðasjóð Íslands.

1. gr.

Tilgangur Fiskveiðasjóðs Íslands er að styðja bátaútveg landsmanna með hagkvæmum lánum.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er:

- I. Eignir hins gamla Fiskveiðasjóðs, í peningum og skuldabréfum, eins og þær verða, er lög þessi öðlast gildi.
- II. Tillag úr ríkissjóði, 1 milljón króna. Er það samningsatriði milli stjórnar sjóðsins og ríkisstjórnarinnar, hvenær og á hvern hátt greiðsla þessi fari fram, en lokið skal henni eigi síðar en 1. júní 1941.
- III. Hundraðsgjald af útfluttum fiskiafurðum samkvæmt því, sem ákveðið verður í sérstökum lögum, þar til höfuðstóll sjóðsins nemur 8 milljónum króna.